

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 31. mars 2022

Mál nr. E-2879/2021:

**A**

(Styrmir Gunnarsson lögmaður)

**gegn**

**Sjóvá-Almennum tryggingum hf.**

(Olgeir Þór Marinósson lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem var dómtekið 15. mars 2022, er höfðað 20. maí 2021, af A, [...], á hendur Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 21.968.927 krónur með 4,5% vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 15. janúar 2019 til 26. júlí 2020 og með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun stefnda þann 27. júlí 2020 að fjárhæð 19.772.034 krónur. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað.

## I

### Málsatvik

Stefnandi varð fyrir líkamstjóni þegar hún lenti í árekstri [...] 2017. Var bifreið sem stefnandi ók í umrætt sinn tryggð hjá stefnanda og er greiðsluskylda stefnda óumdeild í málinu.

Aðilar málsins öfluðu matsgerðar um afleiðingar slyssins í sameiningu og 16. júní 2020 skiluðu matsmenn niðurstöðum sínum. Voru helstu niðurstöður þeirra þær að varanlegur miski skv. 4. gr. skaðabótalaga væri 20 stig, varanleg örorka skv. 5. gr. skaðabótalaga væri 15% og stöðugleikapunktur væri 15. janúar 2019.

Með tölvupósti 26. júní 2020 krafðist stefnandi þess að stefndi greiddi henni tiltekna skaðabætur í samræmi við niðurstöðu matsmanna. Meðal þess sem stefnandi krafðist var að uppgjör skaðabóta fyrir varanlega örorku tæki mið af 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga enda hefðu aðstæður stefnanda síðustu þrjú árin fyrir slysið verið óvenjulegar í skilningi ákvæðisins vegna skólagöngu árin 2014 og 2015. Taldi stefnandi

að rétti mælikvarðinn til að leggja til grundvallar árslaunum væri meðallaun félagsmanna í B árið 2017, sem lokið hefðu grunnnámi.

Sátt tókst um skaðabætur til stefnanda vegna slyssins, fyrir utan þennan þátt. Sendi stefndi lögmanni stefnanda tillögu að uppgjöri með tölvupósti þann 22. júlí 2020, þar sem fallist var á kröfu um árslaunaviðmið að öðru leyti en því að það var lækkað um 10% þar sem stefnandi hefði aðeins haft 90% vinnugetu fyrir slysið. Ástæða þessa var sú að stefnandi lenti í öðru umferðarslysi [...] 2009. Var varanlegur miski vegna þess metinn 10 stig og varanleg örorka 10%. Stefnandi mótmælti því að viðmiðunarlaun til útreiknings skaðabótum fyrir varanlega örorku stefnanda yrðu lækkaðar um 10% en stefndi vísaði á hinn bóginn til dóms Hæstaréttar í máli nr. 25/2018, máli sínu til stuðnings. Ekki náðust sættir milli aðila um þetta atriði og er því tekist á um það í máli þessu.

Engar skýrslutökur fóru fram við aðalmeðferð málsins.

## II

### *Málsástæður stefnanda*

Stefnandi byggir kröfu sína á meginreglu skaðabótaréttar um að tjónþola beri fullar bætur fyrir tjón sitt. Þá byggir stefnandi einnig á þeirri meginreglu að starfsorkuskerðing vegna fyrri slysa hafi engin áhrif á beitingu 7. gr. skaðabótalaga við ákvörðun árslauna, en vísað sé til reglunnar í dómi Hæstaréttar í máli nr. 25/2018.

Stefnandi telur að stefndi beri sönnunarbyrði fyrir því að atvik séu með þeim hætti að víkja eigi frá lögákveðnum og hefðbundnum aðferðum og venjum við ákvörðun árslauna þegar bætur fyrir varanlega örorku tjónþola eru ákvarðaðar. Sú nálgun stefnda að lækka árslaunaviðmið vegna umferðarslyss [...] 2009 eigi sér að mati stefnanda ekki stoð eða heimild í skaðabótalögum eða öðrum reglum á sviði skaðabótaréttar. Hafi stefndi ekki sýnt fram á að atvik eða aðstæður í málinu séu með þeim hætti að ákvarða eigi árslaun þannig að þau séu lækkuð um 10% sökum þess að hún hafi verið metin til 10% örorku vegna umferðarslyssins [...] 2009.

Stefnandi bendir á að langur tími leið milli þessara tveggja tjónsatvika. Hafi hún lokið stúdentsprófi og BS gráðu í [...] milli þeirra og unnið ýmis störf. Ekkert bendi til þess að umferðarslysið 2009 komi til með að hafa þau áhrif að tekjur hennar af störfum sem [...] verði 10% lægri, eins og stefndi reisi málalíbúnað sinn á.

Stefnandi bendir á að í matsgerð matsmanna frá 16. júní 2020 sé sérstaklega tekið tillit til afleiðinga fyrri slyssins við mat á varanlegri örorku stefnanda af völdum umferðarslyssins [...] 2017. Komi þar fram að matsmenn telji að ef slysið árið 2017 hefði ekki komið til hefði stefnandi nýtt vinnugetu sína til starfa á vinnumarkaði, en horft sé til þess að hún hafi skerta vinnugetu sem nemi meintum afleiðingum hins fyrri slyss sem varð árið 2009. Þá komi fram í matgerðinni að líta verði til þess að stefnandi hafi búið

við 10% varanlega örorku fyrir slysið en eftir standi þó að vinnugeta hennar hafi skerst við umrætt slys. Teljist skerðingin, að virtum öllum sjónarmiðum, vera hæfilega metin 15% og sé það metin varanleg örorka.

Stefnandi telur að miðað við þetta sé ljóst að við mat á varanlegri örorku stefnanda hafi matsmenn haft hliðsjón af og tekið tillit til þess að starfsgeta stefnanda var skert um 10% þegar þeir lögðu mat á varanlega örorku hennar af völdum umferðarslyssins [...] 2017. Standist ekki sú nálgun stefnda að afleiðingar fyrra slyssins hafi bæði áhrif á umfang metinnar varanlegrar örorku og ákvörðun árslauna við mat á uppgjöri skaðabóta vegna seinna slyssins.

Stefnandi kveður útreikning stefnufjárhæðar byggjast á 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og niðurstöðu í matsgerð. Kemur fram í stefnu að stefndi hafi fallist á árslaunaviðmið stefnanda á fyrri stigum máls. Hafi stefnandi þá miðað útreikning sinn við 11,5% framlag atvinnurekanda í lífeyrissjóð. Stefnandi telji hins vegar réttara að betur athuguðu máli að miða við að framlagið sé 9,25%. Sé þá miðað við að fyrri helming ársins 2017 var framlag atvinnurekanda í lífeyrissjóð 8,5% en síðari hluta ársins 10,5%. Hafi framlag atvinnurekanda því verið að meðaltali 9,25% árið 2017. Árslaunaviðmið sé nú reiknað út þannig:  $757.000 \times 12 \times (672,6/616,6) \times 1,0925 = 10.825.598$  krónur. Miðað við óumdeildan aldursstuðul skv. 6. gr. skaðabótalaga, 13,529, og varanlega 15% örorku sé útreikningur stefnufjárhæðar því:  $10.825.598 \times 13,529 \times 15 = 21.968.927$  krónur. Til frádráttar kröfunni komi síðan innborgun stefnda hinn 27. júlí 2020 að fjárhæð 19.772.430 krónur.

#### *Málsástæður stefnda*

Stefndi vísar til þess að í 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga sé heimild til að meta árslaun sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður séu fyrir hendi. Beri stefnandi sönnunarbyrði um að skilyrði 2. mgr. 7. gr. séu uppfyllt og hvaða tekjuviðmið gefi réttasta mynd af líklegum framtíðartekjum stefnanda. Þá beri stefnandi jafnframt sönnunarbyrðina um umfang tjóns síns.

Stefndi kveðst hafa fallist á að aðstæður stefnanda hvað varðaði tekjuöflun á viðmiðunarárum samkvæmt 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga væru óvenjulegar og að annað tekjuviðmið væri réttari mælikvarði á líklegar framtíðartekjur hennar. Hafi því stefndi fallist á að skilyrði beitingar 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga væru fyrir hendi. Aðila greindi hins vegar á um það hvaða tekjuviðmið væri réttasti mælikvarðinn á líklegar framtíðartekjur stefnanda.

Stefndi kveður stefnanda hafa komið með þá tillögu að miðað yrði við meðallaun félagsmanna í B árið 2017, þar sem stefnandi hefði lokið BS-gráðu í [...] frá [...] árið 2015. Hafi stefndi ekki fallist á það en lagt til að miðað yrði við 90% af umræddum meðaltekjum þar sem vinnugeta stefnanda hafi fyrir slysið [...] 2017 verið skert um 10%

samkvæmt örorkumati frá [...] 2012, þar sem metnar hefðu verið afleiðingar umferðarslyss stefnanda [...] 2009. Hafi stefnandi tekið við bóttum með fyrirvara um árslaunaviðmið.

Stefndi kveður það hafa komið fram á matsfundi 26. júní 2012, vegna slyssins [...] 2009, að stefnandi væri enn verulega verkjuð í mjóbaki og að sá verkur versnaði við álag og vinnu auk þess sem oft fylgdi dofi í ganglimum. Þá hafi stefnandi fundið fyrir verk á milli herðablaða og svefn verið truflaður vegna verkja. Hafi matsmenn metið afleiðingar umrædds slyss til 10 stiga varanlegs miska og 10% varanlegar örorku. Hafi komið fram í rökstuðningi matsmanna fyrir varanlegri örorku að þeir teldu að afleiðingar slyssins myndu hafa áhrif á starfsgetu stefnanda og tekjuöflunarhæfi hennar. Óþægindin myndu valda nokkurri skerðingu á álagsgetu og úthaldsþoli til almennra starfa, til að mynda starfa sem langar setur fylgdu, eins og flest skrifstofustörf. Vegna afleiðinganna töldu matsmenn einnig að starfsmöguleikar stefnanda væru skertir sem og starfsúthald þannig að stefnandi myndi hugsanlega ekki geta unnið eins langan vinnudag og hún ella hefði og möguleikar hennar til að afla tekna með yfirvinnu væru þannig skertir.

Stefndi bendir á að stefnandi hafi lent í seinna slysinu aðeins tæpum fimm árum eftir umræddan matsfund vegna fyrra slyssins. Hafði þá stefnandi nýlega útskrifast með BS-gráðu í [...] en ekki hafið framhaldsnám. Hafi hún á slysdegi því ekki verið búin að marka sér starfsvettvang á sviði [...] en tekjur hennar höfðu aldrei nálgast meðallaun félagsmanna í B árið 2017.

Stefndi bendir á að aflahæfi stefnanda hafi verið verulega skert fyrir slysið [...] 2017. Hafi stefnandi því ekki sýnt fram á að á slysdegi hafi fullar meðaltekjur félagsmanna í B árið 2017 verið réttari mælikvarði á líklegar framtíðartekjur stefnanda en það viðmið sem beiting 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga gæfi, en stefnandi beri sönnunarbyrði um það.

Stefndi telur að 90% af meðaltekjum félagsmanna í B árið 2017 hafi á slysdegi verið réttari mælikvarða á líklegar framtíðartekjur stefnanda enda hafi hún ekki sýnt fram á að á þeim tímapunkti hafi hún haft fullt aflahæfi og ekki sýnt fram á að hún gæti unnið eins langan vinnudag og fullvinnandi félagsmenn í B eða aflað tekna með yfirvinnu. Aflahæfi stefnanda hafi verið metið varanlega skert um 10% aðeins fimm árum áður, sem sé stuttur tími í hlutfalli við þau 50 ár sem stefnandi eigi eftir af starfsævinni. Kveður stefndi stefnanda ekki hafa sýnt fram á tjón umfram það sem þegar hafi verið bætt.

### III

#### *Niðurstaða*

Í málinu er ekki ágreiningur um að stefnda ber að greiða stefnanda bætur á grundvelli lögboðinnar ábyrgðartryggingar í kjölfar slyss stefnanda árið 2017. Aðilar máls eru

einnig sammála um að aðstæður stefnanda töldust óvenjulegar í skilningi 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 og því skuli líta til þess þegar árslaun til ákvörðunar bóta eru ákveðin.

Stefnandi byggir á því að eðlilegt viðmið í þessu samhengi sé óskert meðallaun félagsmanna í B árið 2017, sem lokið höfðu grunnnámi. Stefndi mótmælir því og telur að lækka eigi viðmiðunarlaun um 10% þar sem vinnugeta stefnanda hafi verið varanlega skert um 10% vegna slyss stefnanda árið 2009 og hefur máli sínu til stuðnings vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 25/2018. Snýst mál þetta um þennan ágreining málsaðila.

Málsatvik í umræddum dómi Hæstaréttar í máli nr. 25/2018 eru ólík atvikum í því máli sem hér er til umfjöllunar. Þar liðu einungis um sex vikur milli slysa sem síðan voru metin sameiginlega í einni álitsgerð. Var ekki lagt sérstakt mat á það í álitsgerðinni hvort og þá með með hvaða hætti líkamstjónið í fyrra slysinu hefði haft áhrif á mat á varanlegri örorku vegna síðara slyssins. Tók Hæstiréttur fram í niðurstöðu sinni að aðstæður væru þar óvenjulegar og að í öðrum tilvikum gæti háttað öðruvísi til. Tók Hæstiréttur einnig fram í dóminum að meginreglan væri sú að starfsorkuskerðing vegna fyrri slysa eða veikinda hefði engin áhrif á beitingu 7. gr. skaðabótalaga við ákvörðun árslauna.

Í máli því sem hér er til umfjöllunar liðu tæp átta ár milli slysa stefnanda. Liðu meira en fjögur og hálf ár frá því að matsmenn mátu afleiðingar fyrra slyssins til 10% varanlegrar örorku og fram að síðara slysinu. Þá fellst dómurinn á það með stefnanda að matsmenn hafi í matsgerð sinni frá 16. júní 2020, vegna síðara slyssins, litið til varanlegrar örorku vegna fyrra slyssins, enda er það tekið þar fram berum orðum.

Fyrir liggur að á milli umræddra slysa stefnanda lauk hún bæði stúdentsprófi og BS-gráðu í [...]. Þá hefur hún unnið bæði samhliða námi og í fullu starfi á tímabilinu. Þegar litið er til þessa, og fyrrgreindra röksemda sem fram koma í dómi Hæstaréttar í máli nr. 25/2018, verður að mati dómsins að líta svo á að það standi stefnda nær að sýna fram á að afleiðingar slyssins frá 2009 hafi hamlað vinnufærni stefnanda þegar slysið varð árið 2017, þannig að lækka beri árslaunaviðmið með þeim hætti sem hann krefst. Það hefur stefndi ekki gert. Leiddi hann hvorki stefnanda né vitni fyrir dóm til skýrslugjafar í málinu til að upplýsa nánar um heilsufar stefnanda á slysdegi umfram það sem fram kemur í gögnum máls, sem ekki eru skýr um það. Er því að mati dómsins ósannað að afleiðingar slyss stefnanda frá árinu 2009 hafi hamlað vinnufærni hennar þegar slys hennar varð árið 2017 þannig að draga beri frá launaviðmiði 10% vegna áður metinnar örorku.

Með vísan til alls þess sem að framan er rakið fellst dómurinn á það með stefnanda að rétt sé að viðmiðunarlaun til útreiknings skaðabótum í málinu verði óskert meðallaun félagsmanna í B árið 2017, sem lokið höfðu grunnnámi. Hafnar dómurinn þeirri málsástæðu stefnda að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að þau viðmiðunarlaun séu réttari mælikvarði á líklegar framtíðartekjur stefnanda en það viðmið sem beiting 1. mgr.

7. gr. skaðabótalaga gæfi. Liggur raunar fyrir í málinu að málsaðilar hafa í grunninn verið sammála um umrætt árslaunaviðmið, fyrir utan ágreining um hvort lækka beri það um 10% vegna fyrra slyss, og er málatilbúnaður stefnda mótsagnakenndur að þessu leyti.

Að fenginni þessari niðurstöðu er ekki uppi tölulegur ágreiningur í málinu. Í samræmi við það sem rakið er hér að framan er það því niðurstaða dómsins að fallast beri á kröfur stefnanda í málinu eins og þær eru settar fram í stefnu.

Stefnandi í málinu hefur gjafsókn samkvæmt gjafsóknarleyfi dagsettu 11. október 2021. Krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Útlagður kostnaður stefnanda er 34.192 krónur samkvæmt málskostnaðarreikningi. Með vísun til úrslita málsins og til 1. mgr. 130. gr. og 4. mgr. 128. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnda gert að greiða málskostnað sem renni í ríkissjóð. Er fjárhæð hans ákveðin 1.153.567 krónur. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun Styrmis Gunnarssonar lögmanns, sem þykir að teknu tilliti til umfangs málsins og með hliðsjón af tímaskýrslu lögmannsins, hæfilega ákveðin 1.119.375 krónur.

Björn Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, A, 21.968.927 krónur með 4,5% vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 15. janúar 2019 til 26. júlí 2020 og með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun stefnda þann 27. júlí 2020 að fjárhæð 19.772.034 krónur.

Stefndi greiði 1.153.567 krónur í málskostnað sem renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin þóknun Styrmis Gunnarssonar lögmanns, 1.119.375 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Björn Þorvaldsson